

Föstudaginn 19. febrúar 1954.

Nr. 7/1953. **Sigurður Þórðarson** (Magnús Thorlacius)
 gegn
Guðnýju Runólfsdóttur (Ragnar Jónsson).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og
próf. Ólafur Lárusson.

Skiptamál. Séreign konu. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. janúar 1953. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að dæmt verði *ad allega*, að fasteignarhluti sá og húsmunir, sem um er deilt, verði talið félags-eign aðilja, er koma skuli til jafnra skipta milli þeirra, en *til vara*, að greindar eignir verði taldar hjúskapareign stefnda, er skiptast eigi jöfnum skiptum með aðiljum. Þá áskilur áfrýjandi sér, ef nefndum kröfum hans verður hrundið, rétt til að fá greiddan verðauka vegna viðauka og breytinga á fasteign þeirri og lausafé, sem um er deilt. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Aðiljar máls þessa gengu að eigast árið 1936. Hinn 1. júní 1945 gerðu þau með sér kaupmála, þar sem ákveðið var, að fasteign hjónanna, ½ húseignin nr. 60 við Bergstaðastræti, skyldi vera séreign stefnda. Einnig skyldu allir innanstokksmunir, bæði þeir, sem hjónin áttu þá, svo og þeir, sem þau kynnu síðar að eignast, vera séreign stefnda. Sama skyldi og gilda um allt það, sem stefndi eignaðist síðar í hjúskapnum, svo sem vegna gjafa, arfs, vinnutekna eða á annan hátt. Að öðru leyti skyldi fara um fjármál hjónanna eftir almennum

reglum laga. Skrá var gerð um lausafjarmuni þá, sem urðu séreign stefnda, og látin fylgja kaupmálanum.

Í máli þessu heldur stefndi því fram, að ýmsar tilgreindar eignir eigi að teljast til séreignar sinnar, en því er andmælt af áfrýjanda, sem vill telja eignir þessar félagseign hjónanna. Verða hér greindar eignir þær, sem ágreiningur er um.

A. Viðbótarbygging við húseignina nr. 60 við Bergstaðastræti og breytingar á eigninni.

B. Ýmsir lausafjarmunir, eins og hér segir:

1. Sófi og tveir djúpir stólar	Matsverð	kr.	4.500,00
2. Útvarpstæki	—	—	500,00
3. Bókaskápur	—	—	600,00
4. Tveir stólar 160/—	—	—	320,00
5. Armstóll	—	—	250,00
6. Sófaborð	—	—	500,00
7. Annað sófaborð	—	—	750,00
8. Tveir vegglampar (tvöfaldir) . .	—	—	300,00
9. Þrír vegglampar (einfaldir)	—	—	270,00
10. Loftlampi	—	—	475,00
11. Málverk af Stokkseyri	—	—	300,00
12. Bókaskápur	—	—	900,00
13. Skjalaskápur	—	—	750,00
14. Stóll	—	—	160,00
15. Vegglampi	—	—	90,00

Um A. Húseignin nr. 60 við Bergstaðastræti ásamt eignarlóð er að hálfu talin eign systur stefnda og mágs. Eftir að hálf húseignin varð séreign stefnda samkvæmt kaupmálanum, var húsinu breytt og reist við það viðbótarbygging, er sameinuð var að ýmsu leyti eldra hluta hússins. Virðist verk þetta hafa verið hafið árið 1946. Aðiljar eru sammála um, að kostnaður af viðbyggingu þessari og breytingum hafi, að því er tók til húshluta stefnda, verið greiddur af félagseign hjónanna og að áfrýjandi hafi einnig lagt fram vinnu sína við verkið.

Í álitgerð tveggja dómkvaddra manna er viðbyggingunni og sambandi hennar við eldra hluta hússins meðal annars lýst þannig:

„Árið 1946 var enn hafin viðbótarbygging við hús þetta. Var nú byggt við austurgافل hússins og niður í lóðina. Bygg-

ing þessi er um 38 m² að grunnfleti, kjallari, tvær hæðir og ris, auk svala á aðalhæðum. Á risinu eru tveir kvistir. Þá hefur og verið settur kvistur á gamla hluta hússins og ýmsar breytingar gerðar á honum, sérstaklega í rishæð og kjallara. Húsrými það, er fékkst með viðbyggingunni, var sameinað gamla húsinu, enda engar útgöngudyr á viðbyggingunni.“

Svo sem sjá má af lýsingu þessari, er viðbyggingunni skeytt þannig við húsið, sem var séreign stefnda samkvæmt kaupmálanum, að telja verður stefnda hafa öðlazzt eignarrétt yfir henni og öðrum breytingum á húsinu, að því er til eignarhluta hennar tekur. Að vísu verður að ætla, eins og málum var háttað, að áfrýjandi hafi með sameiginlegan hag hjónanna fyrir augum ráðstafað fé af félagseign til þessara framkvæmda, og má samkvæmt því telja félagsbúið eiga kröfu á hendur stefnda, sem svari því, er fasteignarhluti hennar var ótvírætt meira virði vegna viðbyggingarinnar og annarra breytinga, er uppskrift á búinu fór fram. En krafa áfrýjanda um, að viðbyggingin og breytingarnar verði taldar félagseign hjónanna, verður ekki tekin til greina.

Um B 1. Á skrá þeirri, er kaupmálanum fylgdi, er meðal annars talið „ottóman og 2 hægindastólar“. Húsmunir þessir voru síðar seldir, en um svipað leyti voru keyptir í þeirra stað munir þeir, sófi og tveir stólar, sem hér er deilt um. Kveður stefndi 1.000,00 krónur hafa skort til þess, að söluverð eldri munanna nægði til greiðslu á nýju mununum, og hafi sá mismunur verið greiddur af félagseign. Þegar þess er gætt, að húsgögnin voru notuð á heimilinu til hags fyrir hjónin bæði, þá þykir fjárhæð sú, sem greidd var af félagseign þeirra, ekki eiga að standa í vegi fyrir því í skiptum milli hjónanna, að hinir umdeildu munir verði taldir séreign stefnda samkvæmt 3. tölulið 23. gr. laga nr. 20/1923. Verður krafa áfrýjanda því ekki tekin til greina, að því er þenna lið varðar.

Um B 2. Á skránni, sem kaupmálanum fylgdi, er talið eitt útvarpstæki. Í janúar 1947 keypti áfrýjandi nýtt útvarpstæki fyrir kr. 800,00, en seldi um líkt leyti útvarpstæki stefnda fyrir kr. 500,00, sem runnu til félagsbúsins. Af sömu

rökum og greinir um næsta lið hér að framan verður útvarpstæki það, sem hér getur, talið séreign stefnda.

Um B 3—15. Allir þeir munir, sem hér greinir, voru keyptir, eftir að kaupmálinn var gerður, og greiddir af félagseign hjónanna. Ekki létu hjónin bæta þessum munum við á skrá þá, er kaupmálanum fylgdi, né gerðu þá að séreign stefnda með annars konar viðauka við kaupmálann. Samkvæmt þessu verður ekki talið, sbr. 3. mgr. 30. gr. laga nr. 20/1923, að umræddir munir hafi orðið séreign stefnda, og eiga þeir því að falla til félagsbúsins.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um málskostnað í héraði. Eftir úrslitum málsins hér fyrir dómi þykir rétt, að hvor aðili beri sjálfur sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Viðbygging sú og breytingar á hálfri fasteigninni nr. 60 við Bergstaðastræti, sem í máli þessu getur, er séreign stefnda, Guðnýjar Runólfsdóttur. Húsmunir þeir, sófi, tveir stólar og útvarpstæki, sem getur í B 1 og 2 hér að framan, eru einnig séreign stefnda. Aðrir húsmunir, sem um er deilt í málinu, eru félagseign aðilja, Sigurðar Þórðarsonar og Guðnýjar Runólfsdóttur, og skulu koma til jafnra skipta milli þeirra.

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um málskostnað í héraði á að vera óraskað. Aðiljar beri hvor um sig sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Árna Tryggvasonar hrd. og Gizurar Bergsteinssonar hrd.

Við erum samþykkir hæstaréttardóminum að öðru en varðar málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með því að aðal- og varakrafa áfrýjanda um húseign þá, sem í málinu greinir, eru gersamlega haldlausar og hann hefur með flutningi þeirra fyrir Hæstarétti bakað stefnda fyrir-

höfn og kostnað, teljum við rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.000,00.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 13. október 1952.

Hinn 7. janúar síðastliðið fór fram í skiptarétti Reykjavíkur uppskrift á félagsbúi hjónanna Sigurðar Þórðarsonar og Guðnýjar Runólfsdóttur, Bergstaðastræti 60 hér í bænum, vegna væntanlegs hjónaskilnaðar. Voru hinar uppskrifuðu eignir flokkaðar í sex flokka undir númerunum I—VI. Hefur konan haldið því fram, að sumt af hinum uppskrifuðu eignum væri séreign sín, en eiginmaðurinn hefur ekki viljað viðurkenna það nema að nokkru leyti, og hafa aðiljar því lagt atriðið undir úrskurð skiptaréttarins og hvort um sig krafizt málskostnaðar. Var ágreiningur þessi tekinn undir úrskurð hinn 25. f. m. að afloknum munnlegum málflutningi.

Af hinum uppskrifuðu eignum hefur sóknaraðili talið, að séreign sín væru þær eignir, sem skráðar eru á réttarskj. nr. 1 undir II, III að undanteknum 2 kertastjökum, sem virtir eru á kr. 500,00, IV að undanteknu 1 málverki, sem metið er á kr. 150,00, og V að undanteknum 1 hnalli, sem metinn er á kr. 50,00, og hefur hún gert þær kröfur í málinu, að viðurkennt verði með úrskurði réttarins, að eignir þessar séu séreign hennar og búskiptunum óviðkomandi. Byggir hún þenna rétt sinn á kaupmála, sem þau hjónin gerðu með sér hinn 1. júní 1945 og skráður er í kaupmálabók 7. júlí sama ár, og hefur kaupmáli þessi verið lagður fram hér í málinu sem réttarskj. nr. 2. Telur hún, að allar þær eignir, sem getur hér að framan, séu þess eðlis, að þær falli beint undir séreignarákvæði í kaupmálanum. Hvað húsmununum viðkemur, telur hún tvímælaust, að að svo miklu leyti sem þeir séu ekki taldir í kaupmálaskránni, falli þeir undir almennu ákvæðin í kaupmálanum, þar sem segir, að allir innanstokksmunir, bæði þeir, sem þau eigi nú, og þeir, sem þau kunni síðar að eignast, skuli vera séreign hennar, auk þess sem sófi og 2 stólar og útvarpstæki, sem getur í uppskriftargerðinni undir nr. II 2, sé beinlínis keypt í stað muna, sem taldir eru í kaupmálaskránni. Viðgerðir og endurbætur þær, sem farið hafi fram á húseigninni, kveður hún, að hafi orðið séreign sín, samstundis og það kom í fast tengsl við hluta sinn í henni, sem beinlínis hafi verið gerð að séreign sinni í kaupmálanum, enda séu þessar breytingar óaðskiljanlegar frá húsinu, eins og það var, þegar kaupmálinn var gerður.

Varnaraðili heldur því aftur á móti fram, að aðeins þær eignir séu séreign sóknaraðilja, sem taldar séu upp í kaupmálanum og skrá þeirri, er honum fylgdi, er hann var gerður, en allar aðrar

eignir, sem skrifaðar hafi verið upp, séu sameign aðilja, og beri að taka þær til skiptameðferðar.

Hann viðurkennir eignarrétt sóknaraðilja á munum þeim, sem taldir eru undir II 2, að undanteknum 1 sófa og 2 djúpum stólum svo og 1 útvarpstæki. Kveður hann, að þessir munir hafi verið keyptir, eftir að kaupmálinn var gerður, og þótt sams konar munir hafi verið skráðir í kaupmálaskránni, þá hafi þessir munir ekki komið í stað þeirra, þar sem sala þeirra hafi farið fram, eftir að hinir voru keyptir. Varnaraðili heldur því einnig fram, að ekki komi til mála að telja aðrar eignir séreign sóknaraðilja en þær, sem skráðar séu í kaupmála eða skrá þeirri, er honum fylgdi. Almenna ákvæðið í kaupmálanum nái ekki yfir þær eignir, sem til hafi fallið, eftir að kaupmálinn var gerður. Af þeim ástæðum verði ofangreindar eignir, 1 sófi, 2 djúpir stólar og útvarpstæki, ekki taldar séreign sóknaraðilja og ekki heldur munir þeir, er getur undir III, að undantekinni bókahillunni, sem til hafi verið, þegar kaupmálinn var gerður, né heldur munir þeir, sem skráðir eru undir IV og V í uppskriftargerð, því að allir þessir munir hafi komið inn í búið, eftir að kaupmálinn var gerður.

Þá heldur varnaraðili því fram, að þótt í kaupmálanum standi, að $\frac{1}{2}$ húseignin Bergstaðastræti 60 hér í bæ skuli vera séreign sóknaraðilja, þá gildi það ákvæði aðeins um húsið, eins og það hafi verið, þegar kaupmálinn var gerður. Síðan hafi farið fram bæði viðbætur og endurbætur á því, sem félagsbúið hafi lagt fram fé til að gera, og hljóti það að falla utan við kaupmálann og verða sameign hjónanna, enda hafi sóknaraðili sjálf ekkert lagt fram af séreign sinni til þeirra hluta. Verði eigi fallizt á, að breytingar á húsinu og viðaukar verði talin sameign hjónanna, telur varnaraðili, að það hljóti að teljast hjúskapareign sóknaraðilja, og beri því allt að einu að koma undir búskipti þessi.

Í hinum framlagða kaupmála segir svo:

„Allir innanstokksmunir, hverju nafni sem nefnast, svo sem stofuhúsgögn og svefnherbergishúsgögn, bæði það, sem við eigum nú, og það, sem við síðar kunnum að eignast, skulu vera séreign mín, Guðnýjar Runólfsdóttur. Sama gildir og um allt það, er ég, Guðný Runólfsdóttir, eignast í hjúskap okkar, — svo sem vegna gjafa, arfs eða innvinnu minnar eða á annan hátt. Skulu allar framangreindar eignir vera öllum skuldbindingum félagsbús okkar svo og skuldbindingum Sigurðar Þórðarsonar óviðkomandi.“

Kaupmáli þessi er samningur milli aðilja, og virðist þetta ákvæði kaupmálans eiga til fulls að kveða á um eignarrétt á innanstokksmunum í búinu, bæði þeim, er til eru, þegar kaupmálinn er gerður, og þeim, er til verða síðar. Ekkert hefur komið fram í málinu, er bendi til þess, að aðiljar hafi ætlazt til nokkurrar breytingar á þessu samningsákvæði fyrr en við uppskrift á búi þessu, að varnaraðili vill takmarka samningsloforð sitt við innanstokksmuni þá,

er til voru, er kaupmálinn var gerður. Verður ekki séð, að þessi skýring á ákvæði kaupmálans hafi við rök að styðjast, og þykir því verða að taka kröfu sóknaraðilja til greina, að því er innanstokksmuni varðar.

Enn fremur segir í áminnztum kaupmála:

„Húseign okkar, ½ húseignin nr. 60 við Bergstaðastræti, með öllu múr- og naglföstu og tilheyrandi lóðarréttindum verður séreign mín, Guðnýjar Runólfsdóttur, enda tek ég að mér allar áhvílandi veðskuldir.“

Með ákvæði þessu var ½ húseignin Bergstaðastræti 60 hér í bæ gerð að séreign sóknaraðilja. Þær breytingar og viðauki, sem gert hefur verið á eigninni, verður ekki frá henni skilið, eftir því sem fram er komið í máli þessu. Eigi verður séð, að varnaraðili hafi á þeim tíma, sem aðgerð þessi stóð yfir, gert nokkra tilraun til að tryggja sinn rétt yfir eign þessari, en hann hefst þá fyrst handa, er uppskrift á búinu fer fram. Að þessu athuguðu verður ekki séð, að hann geti helgað sér eða búi þeirra hjóna eignarrétt að nokkrum hluta úr húseign þessari, og verður því að fallast á það, að eign þessi sé séreign sóknaraðilja, og kemur því varakrafa varnaraðilja ekki heldur til álita.

Rétt þykir, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 1.200,00 upp í málskostnað.

Því úrskurðast:

Eignir þær, sem greinir í uppskrift undir II, III að undanteknum 2 kertastjökum, metnum á kr. 500,00, IV að undanteknu 1 málverki, metnu á kr. 150,00, og V að undanteknum 1 hnalli, metnum á kr. 50,00, skulu teljast séreign sóknaraðilja, Guðnýjar Runólfsdóttur, og búskiptum þessum óviðkomandi. Þá greiði varnaraðili, Sigurður Þórðarson, sóknaraðilja kr. 1.200,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.
